

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð Mosfellshrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 57  
málaráðherra 16. maí 1925. Skipulagsskráin er þannig: 16. maí

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

### Framfarasjóð Mosfellshrepps.

#### 1. gr.

- Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Mosfellshrepps. Stofnfje sjóðsins er:
- a. Skuldabryf útgefið af borgarstjóra Reykjavíkur 29. febr. 1924 fyrir hönd Reykjavíkurkaupstaðar til Mosfellshrepps í Kjósarsýslu, sem nú er að eftirstöðvum kr. 35000.00 — þrjátíu og fimm þúsund krónur —. (Upphaflega var bryfið kr. 37000.00). —
  - b. Peningar kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —.

#### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins skal leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Skal ávalt leggja við höfuðstólinn  $\frac{1}{2}$  vextina, en hinn helmingur vaxtanna falli til útborgunar til Mosfellshrepps. Jafnóðum og afborgað er af skuldabryfi Reykjavíkur, leggist sú afborgun öll í Söfnunarsjóðinn. Einnig leggjast í Söfnunarsjóðinn  $\frac{1}{2}$  vextirnir af skuldabryfinu eins og þeir eru á hverjum tíma, en hinn helmingurinn fellur til Mosfellshrepps.

#### 3. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu hefir á hendi umsjón sjóðsins og skulu reikningar hans árlega lagðir fram á aðalfundi nefndarinnar og úrskurðaðir af henni. Oddviti sýslunefndar geymir skilríki sjóðsins, tekur við greiðslum hjá bæjarsjóði Reykjavíkur, borgar inn í Söfnunarsjóðinn og tekur við greiðslum úr honum. Ennfremur annast hann um allar greiðslur sjóðsins til Mosfellshrepps, og semur árlega reikning hans og leggur fyrir sýslunefnd með fylgiskjölum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps má verja þeim hluta vaxtanna, sem árlega falla til útborgunar til árlegra útgjalda hreppsins; en heimilt er henni að safna vöxtunum saman í nokkur ár í þeim tilgangi, að koma fram þarflegum fyrirtækjum í sveitinni til almenningsheilla.

#### 5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konungsstaðfestingar.